

Alþingi  
Erindi nr. P 140/372  
komudagur 21.11.2011

## Álit

um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2012 (08 Velferðarráðuneyti)

Frá meiri hluta velferðarnefndar.

Velferðarnefnd hefur að beiðni fjárlaganefndar fjallað um þann kafla fjárlagafrumvarpsins sem er á málefnasviði hennar, sbr. bréf fjárlaganefndar dagsett 4. nóvember 2011. Nefndin fékk á sinn fund Önnu Lilju Gunnarsdóttur, Önnu Sigrúnu Baldursdóttur, Ágúst Þór Sigurðsson, Dagnýju Brynjólfsdóttur, Einar Njálsson, Hönnu Sigríði Gunnsteinsdóttur, Hermann Bjarnason, Hrafnhildi Gunnarsdóttur, Inga Val Jóhannesson, Jón Baldursson, Sturlaug Tómasson og Svein Magnússon frá velferðarráðuneyti, Önnu Þorkeldsdóttur, Friðrik Pálsson, Guðjón Sigurðsson, Ingibjörgu Pálmadóttur, Kristján Linnét og Sigurrós Kristinsdóttur frá ráðgjafarnefnd Landspítala – dd háskólasjúkrahúss, Birgi Gunnarsson og Magnús Ólafsson frá Reykjalundi og Sigurð Erlingsson, Sigurð Jón Björnsson og Gunnhildi Gunnarsdóttur frá Íbúðalánasjóði. Þá hélt nefndin fund með Gunnari Svavarssyni, Helga Má Halldórssyni, Ingólfi Þórisssyni, Jóhannesi M. Gunnarssyni og Stefáni Veturliðasyni frá Nýja Landspítalanum ohf.

Heildargjöld velferðarráðuneytisins árið 2012 eru áætluð um 233,9 milljarðar kr. á rekstrargrunni. Gjöld umfram tekjur eru um 225,3 milljarðar kr. sem nemur tæpum helmingi af áætluðum heildargjöldum fjárlagafrumvarpsins sem eru 539,2 milljarðar kr. Gjöld ráðuneytisins eru að mestu fjármögnuð með beinu framlagi úr ríkissjóði eða um 163,4 milljarðar kr.; rúmir 62 milljarðar eru innheimtir af ríkistekjum og um 329 m.kr. færast til lækkunar á viðskiptahreyfingum ríkissjóðs. Útgjöld ráðuneytisins dragast saman um 2,3 milljarða kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2011 en þegar tekið er tillit til almennra verðlagsáhrifa og gengisbreytinga hækka útgjöldin um 7,6% eða tæpa 16 milljarða kr. milli ára.

Nefndin fjallaði um þátt velferðarráðuneytisins í fjárlagafrumvarpinu, þar á meðal um jafnréttismál, sem skv. 1. mgr. 13. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, heyra ekki undir málefnasvið nefndarinnar heldur allsherjar- og menntamálanefndar.

Aðhaldsmarkmið ríkisstjórnarinnar fyrir árið 2012 byggjast á því að draga úr útgjöldum sem nemur 3% í almennri stjórnsýslu og þjónustu og 1,5% í velferðarmálum. Hagræðingarkrafa hjá aðalskrifstofu ráðuneytisins og stjórnsýslu- og eftirlitsstofnunum sem heyra undir velferðarráðuneytið er því 3% samdráttur í útgjöldum. Almenn hagræðingarkrafa til stofnana sem annast heilbrigðisþjónustu, þjónustu við börn, fatlað fólk og aldraða er aftur á móti 1,5%. Vegna endurskoðunar á kostnaði við rekstur sjúkrarýma á árinu 2010 var ekki mögulegt að ná fram hagræðingaráhrifum fyrr en liðið var á árið 2011. Var því ákveðið í fjárlögum fyrir yfirstandandi ár að fresta lækkun á 3/12 hlutum hagræðingarkröfu nokkurra heilbrigðisstofnuna og bætist sú krafa ofan á almennu 1,5% hagræðingarkröfuna í frumvarpinu.

### Samantekt.

Meiri hlutinn leggur áherslu á að tillögur heilbrigðisstofnana um það hvernig þær hyggjast mæta aðhaldskröfu á fjárlögum 2012 verði ræddar ítarlega og tryggt sé að staðinn sé vörður um heilbrigðisþjónustuna og að hagræðingarkröfur í heilbrigðisþjónustunni verði

aldrei til þess að dýrari leiðir séu valdar en þær sem skornar eru niður. Meiri hlutinn telur miður að tillögur að endurskipulagi heilbrigðisþjónustu hafi ekki legið til grundvallar við vinnu að fjárlagafrumvarpi og áréttar mikilvægi þess að svo verði við vinnu við fjárlög ársins 2013. Jafnframt leggur meiri hlutinn ríka áherslu á að unnið verði að því að koma á þjónustustýringu, tilvísanakerfi og forvakt á höfuðborgarsvæðinu. Skoða þarf hvernig unnt er að tryggja góða tannheilsu barna og beinir meiri hlutinn því til fjárlaganefndar og efnahags- og viðskiptanefndar að skoða álagningu „tappagjalds“ á sykraða gosdrykki. Að auki telur meiri hlutinn vert að fjárlaganefnd og efnahags- og viðskiptanefnd skoði breytingu á áfengisgjaldi í samræmi við tillögur meiri hlutans og að áætluð tekjuaukning ríkissjóðs af því verði nýtt til að draga úr niðurskurði í heilbrigðisþjónustu. Vegna athugasemda sem nefndinni hafa borist um þjónustusamninga velferðarráðuneytis beinir meiri hlutinn því til fjárlaganefndar að skoða þessi mál sérstaklega og tryggja að samræmis og hófs sé gætt við niðurskurð til velferðarmála enda er almennt um mjög viðkvæma málaflokka að ræða. Niðurskurður í velferðarmálum verður jafnframt ávallt að vera með þeim hætti að hann gangi ekki of nærri þeirri starfsemi sem um ræðir, að hægt verði áfram að sinna kjarnaþjónustu og að tryggt sé að þegar rofar til í ríkisfjármálum verði unnt að byggja viðkomandi þjónustu upp á nýjan leik og auka við hana. Meiri hlutinn áréttar mikilvægi þess að vörður sé staðinn um velferðarþjónustu um allt land, að velferðarkerfið sé sem skilvirkast og að í útgjaldasamdrætti séu þeir varðir sem minnst hafa og eru í mestri þörf fyrir velferðarþjónustu og að tryggt sé að hagkvæmasta leiðin sé alltaf valin þegar hægt er.

### **Heilbrigðisstofnanir og sjúkrahús.**

Nefndin fór yfir þá hagræðingarkröfu sem gerð er til hvers sjúkrahúss og heilbrigðisstofnunar fyrir sig auk þess sem hún fjallaði um málið heildstætt. Meiri hlutinn lýsir yfir áhyggjum af því að ekki verði gengið lengra í hagræðingu án þess að skerða þjónustu og fækka störfum. Telur meiri hlutinn alvarlegt í þessu ljósi að ekki liggi þegar fyrir tillögur einstakra stofnana, utan Landspítalans, um hvernig fyrirhuguðum niðurskurði skuli mætt. Meiri hlutinn fékk þær upplýsingar hjá velferðarráðuneyti að stofnanirnar væru enn að vinna í þessum málum og hefðu frest til 2. desember til að skila inn lokatillögum sínum. Samkvæmt starfsáætlun Alþingis er 3. umræða fjárlaga fyrirhuguð 6. desember nk. Telur meiri hlutinn ljóst að áður en kemur að lokaafgreiðslu fjárlaga þurfi að liggja fyrir hvaða áhrif niðurskurðurinn hefur á einstökum stofnunum, stöðum og landsvæðum. Meiri hlutinn beinir því til fjárlaganefndar að fjalla sérstaklega um þessi atriði þegar tillögurnar liggja fyrir svo tryggt sé að staðinn sé vörður um heilbrigðisþjónustuna og að heilbrigðisstofnunum á landsbyggðinni sé gert mögulegt að bjóða þjónustu í samræmi við þarfir íbúa í hverju heilsugæsluumdæmi eða þjónustusvæði.

Meiri hlutinn áréttar nauðsyn þess að fyrir liggi stefna og áætlun til langs tíma um fyrirkomulag heilbrigðisþjónustunnar og innan hvaða fjárhagsramma hún á að starfa. Þar þarf t.d. að skoða staðsetningu, samvinnu, sameiningar stofnana eða eininga og skilgreina starfsemina á hverjum stað með það að markmiði að hún sé fagleg, góð og hagkvæm. Þannig ættu allir aðilar að vita til hvers er ætlast af þeim faglega og fjárhagslega og geta lagað starfsemi sína að þeim römmum sem settir eru. Meiri hlutinn telur að í breytingaferli þurfi að setja eðlileg tímamörk svo öllum gefist tóm til aðlögunar. Sama ábending á við um áætlun í uppbyggingu hjúkrunarrýma, eðlilegt er að fylgja þeim áætlunum sem unnar eru um þörf fyrir slík rými.

### **Þjónusta sérfræðilækna og tilvísanakerfi.**

Meiri hlutinn telur að tryggja þurfi að frekari niðurskurður í heilbrigðisþjónustu leiði ekki til stórákinnna útgjalda úr ríkissjóði til sérfræðilækna og einkarekinna lækna- og skurðstofa.

Bendir meiri hlutinn á að útgjöld ríkisins til sérfræðilækninga hafa aukist um 7% frá árinu 2008 meðan dregið hefur úr útgjöldum opinberra heilbrigðisstofnana um 22%. Í frumvarpi til fjárhagsálaganna 2011 er gert ráð fyrir 1.159 m.kr. framlagi til að mæta hækkun á útgjöldum vegna sérfræðilækna á yfirstandandi ári en auk þess hefur Sjúkratryggingastofnun óskað eftir 1.700 m.kr. magnaukningu á kaupum á sérfræðilæknaþjónustu á næsta ári, 2012, umfram þá hækkun sem fram kemur í frumvarpinu.

Meiri hlutinn telur mikilvægt að tryggja að þjónusta heilbrigðisstofnana og sjúkrahúsa sé nægileg til að auka ekki að óþörfu ásókn til sérfræðilækna sem oftast er mun dýrara fyrir ríkið að greiða en þjónustu á heilbrigðisstofnun, og ekki tryggt að þjónustan sé betri í öllum tilvikum. Fram kom fyrir nefndinni að um magnaukningu hefur verið að ræða í greiðslum til sérgreinalækna og á tiltekna sérgreinar. Nefndin hefur óskað eftir sundurliðun yfir þennan útgjaldalið og þær breytingar sem á honum hafa orðið og leggur meiri hlutinn til að magnaukning (stærri pottar) renni til heilbrigðisstofnana úti á landi sem geti þá samið um kaup á þjónustu sérgreinalækna eftir þörfum.

Í tengslum við vinnu sína við fjárlagafrumvarpið kynnti nefndin sér nýlegar tillögur ráðgjafarhóps velferðarráðherra frá október sl. um skipulag heilbrigðisþjónustu og ráðstöfun fjármuna. Þar kemur fram að miðað við samanburðarlönd Íslands eru heimsóknir til sérfræðilækna hlutfallslega fleiri hér og óheft aðgengi sé þar líkleg ástæða. Með þessu fyrirkomulagi sé hætt á ofnotkun á þjónustunni. Meiri hlutinn tekur undir tillögur ráðgjafarhópsins um nauðsyn þess að koma upp þjónustustýringu, með tilvísanakerfi.

Í álit meiri hluta heilbrigðisnefndar um fjárlög ársins 2011 kom fram að nauðsynlegt væri að fara í gagngerar skipulagsbreytingar og stefnumörkun um heildstæða framtíðarskipan heilbrigðisþjónustu á landinu öllu. Í álitinu kom einnig fram að með „slíku endurmati er mögulegt að draga markvisst úr útgjöldum málaflokksins og halda jafnframt uppi gæðum þjónustunnar og öryggi sjúklinga.“ Telur meiri hlutinn jákvætt að vinna ráðgjafarhópsins og „Boston Consulting Group“ liggur nú fyrir en telur jafnframt mjög miður að tillögur hópsins hafi ekki verið lagðar til grundvallar við fjárlagavinnuna. Meiri hlutinn áréttar mikilvægi þess að hagræðing í ríkisrekstri sé grundvölluð á góðum upplýsingum og skýrri stefnumörkun. Ná þarf fram hagkvæmni og réttlátri stýringu almannaþjónu án þess að þjónusta við sjúklinga eða öryggi þeirra sé skert.

Meiri hlutinn leggur ríka áherslu á að horft verði á heilbrigðisþjónustu heildstætt og að þjónustunni sé beint á rétt þjónustustig. Meiri hlutinn telur ljóst að koma verði á þjónustustýringu í heilbrigðiskerfinu þar sem þjónustubörf ráði streymi sjúklinga milli heilsugæslu, sérfræðinga og sjúkrahúsa. Meiri hlutinn ítrekar að styrkja þurfi heilsugæsluna til að tryggja að sjúklingar leiti á viðeigandi þjónustustig. Telur meiri hlutinn jákvætt að í framangreindum tillögum um skipulag heilbrigðisþjónustu sé m.a. lagt til að heilsugæslan á höfuðborgarsvæðinu verði endurskipulögð.

### **Landspítalinn.**

Nefndin ræddi sérstaklega málefni Landspítalans – háskólasjúkrahúss (LSH). Ráðgjafarnefnd LSH kynnti nefndinni m.a. áhyggjur sínar af áhrifum frekari niðurskurðar á starfsemi LSH og starfsfólk spítalans. Lagði hún m.a. til að opnuð yrði deild á Landakoti sem nú er lokuð, fyrir þá sjúklinga sem ekki væru mikið veikir en teppa dýrari sjúkrarúm á Hringbraut og í Fossvogi. Hefði þetta því hagræðingaráhrif. Nefndin ræddi þetta við fulltrúa velferðarráðuneytisins sem kynnti henni að þessi atriði væru í skoðun, m.a. hvort unnt væri að koma þessum sjúklingum í önnur úrræði og á aðrar stofnanir sem sinnt gætu þörfum þeirra.

Meiri hlutinn áréttar mikilvægi þess að hafa sterkan og traustan Landspítala, sem boðið getur dýra og sérhæfða þjónustu sem sjúklingar hvaðanæva af landinu þarfnast. Mikilvægt er að huga að tækjakosti LSH sem er ekki einungis kominn til ára sinna heldur skortir spítalann fjármagn til að gera við biluð tæki. Gera þarf heildstæða áætlun um hvernig tækja- og tæknibúnaðar spítalans verður endurnýjaður á allra næstu árum og með tilliti til þess að af byggingarkostnaði nýs Landspítala eru 7 milljarðar kr. áætlaðir til tækjakaupa.

Í tengslum við umfjöllun um þjónustustýringu telur meiri hlutinn afar mikilvægt að horft verði til þess að koma á forvakt við bráðadeildir LSH. Bráðaþjónusta er með dýrustu heilbrigðisþjónustu sem veitt er og mikilvægt er að sjúklingar sem leita til slysadeildar en eiga erindi annað fái viðeigandi þjónustu eða sé vísað þangað sem við á. Þetta minnkar álag á bráðamóttöku og slysadeild, dregur úr kostnaði, styttir biðtíma og tryggir jafnframt að sjúklingar fái þá þjónustu sem þeir þurfa. Meiri hlutinn kynnti sér vinnu við fyrirhugaða byggingu nýs Landspítala við Hringbraut. Í þeim tillögum sem nú er unnið með er ekki gert ráð fyrir slíkri forvakt. Meiri hlutinn áréttar mikilvægi þess að tillögur ráðgjafarhóps velferðarráðherra séu nýttar við vinnuna við nýjan Landspítala og rými fyrir þjónustustýringu í formi forvaktar verði tryggt í tengslum við nýbyggingu sjúkrahússins.

### **Tannlækningar.**

Nefndin ræddi sérstaklega tannlækningar barna. Nefndin hélt nýlega fund þar sem hún fór yfir stöðu mála í þessum efnunum og lýsir meiri hlutinn yfir miklum áhyggjum af tannheilsu barna sem er verulega ábótavant. Í fjárlagafrumvarpi er lögð til 261 m.kr. lækkun á framlögum til endurgreiðslu tannlækningakostnaðar og fékk nefndin þær upplýsingar að lækkunin sé til komin vegna ónýttra fjárheimilda en fjárveiting á þennan lið hefur ekki verið fullnýtt á liðnum árum. Vísendingar er um að það sé vegna þess að foreldrar treysta sér ekki til að greiða sinn hlut svo og vegna óvissu um heildarkostnað við tannlækningu barns. Meiri hlutinn áréttar mikilvægi þess að tannlæknar og stjórnvöld nái samningum á allra næstu mánuðum bæði um tannviðgerðir og forvarnir, svo sem flúorskolun, og að komið verði á samræmdri gjaldskrá. Þá telur meiri hlutinn mikilvægt að stjórnvöld, svo og fjárlaganefnd og efnahags- og viðskiptanefnd kanni möguleika á því að leggja „tappagjald“ á sykraða drykki til að draga úr neyslu þeirra. Íslendingar hafa slegið met í neyslu sykraðra gosdrykkja og hefur léleg tannheilsa unglinga, einkum drengja, verið rakin til mikils gosdrykkjapambis. Bent hefur verið á að herra verð, t.a.m. í formi „tappagjalds“, gæti dregið úr þessari neyslu sem mundi aftur draga úr hættu á offitu. Meiri hlutinn bendir á að með slíku gjaldi mætti styrkja tekjustofna ríkissjóðs og gera hann betur í stakk búinn til að auka fjárfrahlög til niðurgreiðslu á tannlækningakostnaði og til forvarna.

### **Bætur almannatrygginga og atvinnuleysistrygginga.**

Bætur almannatrygginga og atvinnuleysistrygginga hækkuðu á árinu til samræmis við krónutöluhækkun lægstu launa í kjarasamningum á almennum vinnumarkaði. Nam sú hækkun um 8,1% þar sem miðað var við lágmarkshækkun kjarasamninga sem var 12 þús.kr. Stefnt er að 3,5% hækkun flestra bótaflokka á næsta ári til samræmis við kjarasamninga. Þar er þó ákvæði um að laun hækki ekki minna en um 11 þús.kr. Samkvæmt upplýsingum frá velferðarráðuneytinu reyndist ekki unnt að miða við þá lágmarkstölu þar sem hækkun hefði þá numið um 6,8% og útgjöld ríkisins orðið langt umfram áætlun. Meiri hlutinn fagnar því að bótaþegum var á yfirstandandi ári tryggð sambærileg kjarabót og almennum launþegum, hann áréttar jafnframt mikilvægi þess að bótaþegar dragist ekki aftur úr hvað varðar kjarabætur.

Mæðra- og feðralaun, umönnunargreiðslur, barnalífeyrir vegna menntunar, bifreiðakostnaður og barnalífeyrir taka samkvæmt frumvarpinu ekki sömu hækkunum og

aðrir flokkar. Nefndin óskaði sérstaklega upplýsinga um kostnað við það að hækka þessa flokka til samræmis við aðra, þ.e. um 3,5%. Kostnaður við það næmi samtals 220 m.kr. Hagræðingarkrafa ráðuneytisins í tilfærslukerfum er 1.739 m.kr. og var nefndinni kynnt það mat ráðuneytisins að nauðsynlegt væri að hagræðingarkrafan tæki einnig til bótakerfisins sem er 30,4% af heildarútgjöldum ráðuneytisins árið 2012. Enn fremur að þessir bótaflokkar væru almennt ekki taldir til grunnframfærslu og að þeir hefðu tekið 8,1% hækkun á síðasta sumri. Telur meiri hlutinn mikilvægt að staða barna og barnafjölskyldna sé skoðuð sérstaklega í fjárlagagerðinni, og tryggt að áhersla stjórnvalda um að standa vörð um hag barna sé höfð að leiðarljósi í hagræðingaraðgerðum.

Þá telur meiri hlutinn jafnframt vert af þessu tilefni að benda á misræmi sem gætir í bótakerfi ríkisins í bótum, lifeyri og uppbótum til barnafólks. Til að mynda er barnalífeyrir skattfrjáls en uppbót á atvinnuleysisbætur vegna barna á framfæri hins atvinnulausa teljast til tekna og skattlagðar sem slíkar. Telur meiri hlutinn mikilvægt að réttlæti og jafnræði sé tryggt í bótakerfum ríkisins og leggur áherslu á að heildarendurskoðun almannatryggingakerfisins sem nú er unnið að verði flýtt. Slík vinna ætti að stuðla að réttlátri skiptingu almannaþjárfár.

### **Fæðingarorlof.**

Meiri hlutinn telur einnig ríkt tilefni til að hafa áhyggjur af ástæðum áætlaðrar útgjaldalækkunar úr Fæðingarorlofssjóði. Samkvæmt frumvarpinu er áætluð lækkun um rúman 1 milljarð kr. vegna þess að dregið hefur úr þátttöku foreldra í fæðingarorlofi auk þess sem fæðingum hefur fækkað. Í skýrslu velferðarráðherra um fæðingar- og foreldraorlof (þskj. 1920, 542. mál, 139. þing) koma fram upplýsingar sem bera með sér að þær skerðingar sem gerðar voru á greiðslum í fæðingarorlofi á árunum 2009-2010 hafi haft mikil áhrif á töku foreldra á fæðingarorlofi og þá sérstaklega fedra. Þar kemur t.d. fram að fedrum sem fengu greiðslur úr fæðingarorlofi fækkaði um 5,3% milli áruna 2009 og 2010 þrátt fyrir að fleiri börn hafi fæðst þessi ár en árin á undan. Í skýrslu velferðarráðherra um stöðu og þróun jafnréttismála sem gefin var út í tilefni jafnréttisþings 2011 kemur jafnframt fram að fedrum með yfir 400.000 krónur í mánaðartekjur sem nýta sér fæðingarorlof fækkaði um 7% á milli áruna 2009-2010. Það er mat Fæðingarorlofssjóðs að ástæður þessa séu lækkun á hámarksgreiðslum úr sjóðnum auk þess sem aðstæður á vinnumarkaði geti hafa haft áhrif þar á. Meiri hlutinn áréttar mikilvægi sjóðsins og fæðingarorlofskerfisins. Meiri hlutinn telur mikilvægt að sjóðurinn sé sjálfbær og sá hluti tryggingagjalds sem honum er markaður sé nægilegur til að mæta útgjöldum hans. Þær skerðingar sem gerðar voru á fæðingarorlofi á árunum 2009-2010 hafa þegar haft áhrif á töku foreldra á fæðingarorlofi og þá sérstaklega fedra. Um leið og rofar til í ríkisfjármálum telur meiri hlutinn brýnt að hafist verði handa við að byggja aftur upp fæðingarorlofskerfið og draga skipulega úr þeim skerðingum sem gerðar hafa verið um leið og horft er til enn frekari uppbyggingar sjóðsins.

### **Þjónustusamningar velferðarráðuneytis við samtök, einkaaðila og sveitarfélög.**

Í upphafi árs varð yfirfærsla á málefnum fatlaðs fólks frá ríki til sveitarfélaga. Vegna þessa lækka útgjöld velferðarráðuneytis frá yfirstandandi ári um tæpa 11 milljarða kr. Starfsemi Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins, Þjónustu- og þekkingarmiðstöðvar fyrir blinda og sjónskerta og Heyrnar- og talmeinastöðvar Íslands heyrir þó enn undir ríkið. Við yfirfærsluna var ríkinu jafnframt falið að greiða kostnað við verndaða vinnustaði og annast Vinnuálastofnun samningagerð við vinnustaðina og eftirlit með þeim. Samkvæmt frumvarpinu eru lagðar til um 61,9 millj. kr. í þetta viðfangsefni. Nefndinni voru kynntar áhyggjur af því að starfsemi þessara vinnustaða væri í hættu vegna hárrar niðurskurðarkröfu. Samkvæmt fjárlagafrumvarpi er gert ráð fyrir hækkun á framlagi samkvæmt samningi til

verndaðra vinnustaða ÖBÍ, Múlalundar og Blindrafélagsins. Ljóst er að laun starfsmanna þar hafa hækkað til samræmis við kjarasamninga og því er kostnaður við rekstur staðanna meiri en áður. Í frumvarpinu kemur ekki fram hver breytingin er að teknu tilliti til launa- og verðlagshækkana. Nefndin fékk þær upplýsingar frá velferðarráðuneyti að almennt væri 3% hagræðingarkrafa sett á þjónustusamninga ráðuneytisins við samtök, einkaaðila og sveitarfélög til samræmis við aðhaldsmarkmið ríkisstjórnarinnar. Undir þessa samninga heyra jafnframt sjúkraflutningar og áréttar meiri hlutinn mikilvægi þess að tryggja að því verkefni sé sinnt með fullnægjandi hætti með öryggi og þjónustu við sjúklinga að leiðarljósi. Meiri hlutinn beinir því til fjárlaganefndar að skoða samninga við velferðarráðuneytið sérstaklega og tryggja að samræmis og hófs sé gætt við niðurskurð til velferðarmála enda er almennt um mjög viðkvæma málaflokka að ræða. Þá áréttar meiri hlutinn mikilvægi réttindagæslu fatlaðs fólks sem var stórefld í tengslum við yfirflutning málaflokksins til sveitarfélaganna og minnir fjárlaganefnd á að gæta vel að fjárheimildum til þessa málasviðs.

Meiri hlutinn telur jafnframt rétt að vekja athygli fjárlaganefndar á því að Reykjalundur hefur ekki fengið endurgreiddan kostnað á S-merktum lyfjum á yfirstandandi ári, en á Reykjalundi hefur farið fram endurhæfing hjarta- og lungnaþega sem þurfa á sérhæfðum og dýrum S-merktum lyfjum að halda. Telur meiri hlutinn mikilvægt að tryggja jafnræði milli heilbrigðisstofnana í þessum efnum. Þá hafa forsendur Reykjalundar breyst nokkuð enda hefur hann frá árinu 1944 verið undanþeginn greiðslu kostnaðar við notkun á heitu vatni. Þessi undanþága hefur nú verið felld niður og því er til kominn nýr útgjaldaliður fyrir Reykjalund. Meiri hlutinn beinir því til fjárlaganefndar að skoða þessi atriði sérstaklega í tengslum við samning ráðuneytisins við Reykjalund fyrir næsta fjárlagaár og þá jafnframt þessi óvæntu útgjöld á yfirstandandi ári.

Nefndin ræddi jafnframt nokkuð málefni Samtaka áhugafólks um áfengis- og vímuefnavandann (SÁÁ) en nefndin hélt fyrir nokkru fund með samtökunum í húsnæði þeirra. Þar kom fram að framlög til SÁÁ hefðu verið meira og minna óbreytt frá aldamótum og fram til ársins 2008. Síðan þá hafi framlög til samtakanna verið skorin niður um rúm 20%. Meiri hlutinn bendir á að hjá samtökunum fer á öllum starfsstöðum fram mikilvæg vinna sem standa þarf vörð um. Tryggja þarf að samtökin hafi bolmagn til að inna hana af hendi og að þegar rofar til í ríkisfjármálum verði aukin framlög til þessa mikilvæga málaflokks. Niðurskurður í velferðarmálum verður jafnframt ávallt að vera með þeim hætti að hann gangi ekki of nærri þeirri starfsemi sem um ræðir, að hægt verði áfram að sinna kjarnþjónustu og að tryggt sé að þegar rofar til í ríkisfjármálum verði unnt að byggja viðkomandi þjónustu upp á nýjan leik og auka við hana.

### **Húsnæðismál.**

Nefndin fjallaði um húsnæðismál og Íbúðalánasjóð. Telur meiri hlutinn brýnt að starfshópur sá sem hefur til umfjöllunar nýtt húsnæðisbótakerfi ljúki störfum sem fyrst. Mikilvægt er að endurskoða viðmið og reglur sem gilda um húsaleigubætur og koma á nýju húsnæðisbótakerfi. Íbúðalánasjóður er lánastofnun sem heyrir undir C-hluta fjárlaga. Í fjárlögum þessa árs var samþykkt allt að 33 milljarða kr. viðbótarframlag til sjóðsins til að mæta afskriftaþörf næstu ára og tryggja eiginfjárstöðu hans. Á fundi nefndarinnar með Íbúðalánasjóði og velferðarráðuneyti kom fram að varúðarniðurfærsla í reikningum sjóðsins væri enn um 30 milljarðar kr. en ekki liggur enn fyrir hver afskriftaþörf hans er. Ásókn í svokallaða 110% leið var ekki eins mikil og búist hafði verið við en það var mat sjóðsins að um 1.500 lánþakar hans væru í mjög miklum vanda og yrði ekkert að gert lægi ljóst fyrir að sjóðurinn mundi þurfa að taka yfir þónokkuð af fasteignum sem gæti aftur leitt til aukinna afskrifta. Nefndinni var þó jafnframt kynnt að sjóðurinn ynni ásamt velferðarráðuneyti og umboðsmanni skuldara að því að leita lausna fyrir þessi 1.500 heimili. Meiri hlutinn telur að

skoða þurfi gaumgæfilega hvort heimildir sjóðsins vegna 110% leiðarinnar séu of þröngar og bregðast við því ef þörf krefur.

#### **Tekjuhlíð fjárlaga.**

Samhliða umfjöllun sinni um útgjaldahlíð fjárlagafrumvarpsins hefur nefndin fjallað um þá þætti frumvarps til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum sem falla undir málefnasvið hennar og mun skila efnahags- og viðskiptanefnd álitu um það mál (þskj. 200, 195. mál). Í því frumvarpi er m.a. lögð til hækkun á gjaldi á áfengi og á tóbak sem nefndin tók til sérstakrar umfjöllunar og kynnti sér m.a. tillögur Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins (ÁTVR) til breytingar á þeim gjöldum. Telur meiri hlutinn vert að nefna hér að í álitu meiri hluta nefndarinnar til efnahags- og viðskiptanefndar er lagt til í samræmi við tillögur ÁTVR að tóbaksgjald verði hækkað um 7,5% í stað þeirra 5,1% sem frumvarpið gerir ráð fyrir og að álagning smásala verði 20% af söluverði frá ÁTVR. Álagning smásala á tóbak hefur undanfarna áratugi hækkað úr rúmum 16% í um og yfir 30%. Smásalar hafa því hag af því að keppa innbyrðis í verðum sem er söluhvetjandi og ekki í samræmi við heilbrigðismarkmið stjórnvalda. Breytingin hefur lýðheilsusjónarmið til grundvallar en ætti jafnframt að auka tekjur af tóbaksgjaldi um 116 m.kr. án þess þó að hafa verðlagsáhrif. Að auki tekur nefndin undir það að gjald á tóbak sem reiknað er eftir vigt verði samræmt þannig að gjald á nefstóbak verði hið sama og á tóbak annað en sígarettur. Áætluð tekjuaukning af því er um 250 m.kr. miðað við 0,9% samdrátt í sölu á nefstóbaki. Meiri hlutinn telur mikilvægt að hið minnsta verði skoðað að færa gjald á nefstóbaki nær því gjaldi sem lagt er á annað tóbak með tilheyrandi tekjuaukningu fyrir ríkissjóð. Leggur nefndin ríka áherslu á að þessar breytingar nái fram að ganga og horft verði til þess að fjármunir sem nást fram með þessum hætti séu nýttir til að draga úr niðurskurði í heilbrigðismálum.

Alþingi, 21. nóv. 2011.  
Álfheiður Ingadóttir.  
Jónína Rós Guðmundsdóttir.  
Amal Tamimi.  
Kristján L. Möller.  
Valgerður Bjarnadóttir.